raðauglýsingar — raðauglýsingar — raðauglýsingar

bátar — skip

ÚTBOÐ

Hitaveita Suðurnesja óskar eftir tilboðum í smíði á pípuundirstöðum úr járni.
Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Hitaveitu Suðurnesja, Vesturbraut 10A, Keflavík og á verkfræðistofunni Fjarhitun h.f., Álftamýri 9, Reykjavík gegn 10.000.- kr. skilatryggingu.
Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Hitaveitu Suðurnesja þriðjudaginn 18. janúar 1977 kl. 14.00.

ÚTBOÐ

Tilboð óskast í gatnagerð, lagningu holræsa og vatnslagna í nýtt iðnaðarhverfi í Reykjavík. Hverfið liggur milli Vesturlandsvegar og Bæjarháls, vestan Bæjarbrautar.
Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, gegn 10.000.- kr. skilatryggingu.
Tilboðin verða opnuð á sama stað fimmtudaginn 20. janúar 1977, kl. 11.00 f.h.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 — Sími 25800

tilkynningar

Skíðadeild

Þrekþjálfun hefst að nýju miðvikudaginn 5. janúar. Æfingar verða mánudaga og miðvikudaga kl. 18.20 í Vörðuskóla.

Stjórnin.

Ég er tekinn til starfa á ný, eftir þriggja og hálfs árs framhaldsnám erlendis. Viðtalstímar eftir samkomulagi.

Örn Guðmundsson
tannlæknir
Túngötu 7 Sími 17011

Félagsstarf Sjálfstæðisflokksins



Akureyri

Málfundafélagið Sleipnir heldur almennan fund í litla sal sjálfstæðishússins á Akureyri laugardaginn 8. janúar n.k. kl. 14. Halldór Blöndal flytur framsöguerindi um nýju skattalögin kosti þeirra og galla.

Stjórnin.

Austur-Skaftafellssýsla
Árshátíð

Sjálfstæðisfélögin í Austur-Skaftafellssýslu halda árshátíð sína laugardaginn 15. janúar n.k. og hefst hún að Hótel Höfn kl. 20.
Ræður og skemmtiatriði.

Stjórnirnar.

Eirný Guðlaugsdóttir — Minningarorð

F. 4. 9. 1905.
D. 28. 12. 1976.

Fregnin um lát Eirnýjar Guðlaugsdóttur kom okkur á óvart. Hún veiktist skyndilega nokkrum dögum fyrir jólin og var þá flutt á sjúkrahús. Þar andaðist hún að kvöldi þess 28. desember s.l.

Eirný, að Eyja, eins og skyldfólkið kallaði hana jafnan, var fædd 4. september 1905 að Fellskoti í Biskupstungum. Foreldrar hennar voru Guðlaugur Eiríksson, d. 27. maí 1940, bóndi þar, og Katrín Þorláksdóttir, d. 7. október 1945, húsfreyja. Eirný var sjötta í röðinni af 10 systkinum, og eru þau nú fjögur látin. Á skömmum tíma hefur stórt skarð verið höggvið í systkinahópinn frá Fellskoti, því að í nóvember s.l. andaðist Margrét systir þeirra, og Eiríkur bróðir þeirra andaðist árið 1975. Eyþór, bróðir þeirra, andaðist árið 1930.

Eirný ólst upp í Fellskoti í stórum systkinahópi á mannmörgu heimili foreldra sinna og varð að taka til hendinni við algeng heimilisstörf, eins og þau tíðkuðust þá til sveita. Var til þess tekið, hve systkinin frá Fellskoti voru samhent, og hefur sú samheldni haldist allt fram á þennan dag, þó að hópurinn hafi dreifst og viðfangsefnin beinst að afkomendum, börnum og barnabörnum.

Þann 5. nóvember 1932 giftist Eirný Jóhannesi Helgasyni, kaupmanni í Reykjavík, en hann andaðist um aldur fram 11. júlí 1963. Jóhannes og Eirný áttu lengst af heima að Njálsgötu 43A hér í borg, en í því húsi rak Jóhannes verzlun, meðan hann lifði. Eirný rak síðan verzlunina eftir lát Jóhannesar, en fyrir nokkrum árum seldi hún verzlunina og síðan húsið og flutti í litla, þægilega íbúð í Hraunbæ. Þótt henni liði vel þar saknaði hún alltaf miðborgar Reykjavíkur, og á s.l. hausti lét hún til skarar skríða og festi kaup á íbúð við Laugarnesveg 64 og var rétt búin að koma sér vel fyrir þar, er kallið kom. Hún sagði þeim, sem þessar línur ritar, að mikið tilhlökkunarefni



væri að halda jól í nýju íbúðinni sinni, en enginn veit örlög sín fyrir, og veikindi hennar urðu þess valdandi, að hún fékk ekki þessa ósk sína uppfyllta.

Þau Eirný og Jóhannes eignuðust fjögur mannvænleg börn, þau eru: Elsa, gift Hilmari Magnússyni verkstjóra, þau eiga þrjú börn, Dagmar, verzlunarstúlka, sem á tvö börn og er hún ekkja, Katrín, gift Jóni Sigurðssyni og eiga þau tvö börn. Einn son átti Katrín áður, og var hann skírður eftir afa sínum. Yngstur er Guðlaugur Þórir, rafvirki, kvæntur Maríu Másdóttur, og eiga þau tvo syni.

Starfsdagur Eirnýjar var oft langur og strangur, því auk þess að hugsa um heimili og börn, hjálpaði hún manni sínum við rekstur verzlunarinnar, og voru þau hjónin ávallt reiðubúin að veita nágrönnum liðsinni og greiða götu manna, sem voru síðbúnir að verzla. Það er ekki ofsögum sagt, að þau hjón voru bæði greiðvikin og gestrisin. Þessir góðu eiginleikar voru Eirnýju í blóð bornir. Um það geta þeir mörgu vitnað, sem urðu þeirra aðnjótandi. Sá, sem þetta ritar fékk svo oft, ásamt móður og skyldmennum, að njóta hlýju og gestrisni hennar, bæði á heimilinu og ekki síst austur í sumarbústaðnum. Fyrir það er ljúft að þakka nú er leiðir skiljast.

Þegar sól tók að hækka og jörð að lifna eftir kalda vetur var Eirnýju það jafnan mikið tilhlökkunarefni að njóta dvalar í sumarbústaðnum, sem þau hjón áttu í Fellskotslanda. Átti hún þar margar ánægjustundir með manni sínum, börnum, barnabörnum, skyldfólki og vinum. Henni var einstaklega annt um allan gróður og ber garðurinn þar þess fagurt vitni. Þannig skóp hún sér sterka taug við æskustöðvarnar, sem hún ætíð sýndi mikla ræktarsemi. En við sumarbústaðinn í Fellskoti var einnig tengdur sorgaratburður, því þar andaðist eiginmaður hennar 1963. Börnin voru þá að komast á manndómsárin. Stuðningur og handleiðsla Eirnýjar var þeim þá ómetanlegur, sem og ætíð síðan, og ekki sízt barnabörnunum, er þau dvöldu hjá ömmu, hvort heldur var á heimili hennar hér í borg eða austur í sumarbústað.

Eirný var fremur hlédræg kona, sem hafði sig ekki mikið í frammi, en var traust og hjálpfús og vildi leysa allra vanda og hugsaði þá hvað minnst um eigin hag. Hún fórnaði sér fyrir heimili sitt, eiginmann og börn. En við, sem þekktum hana og fengum að njóta vinsemdar hennar og gestrisni, munum ætíð minnast hennar með hlýju og þökkum henni allar góðu samverustundirnar.

Börnum hennar, barnabörnum og eftirlifandi systkinum bið ég Guðs blessunar, og megi hann styrkja þau í sorg þeirra.

Blessuð sé minning hennar.

G.H.

Í vor, þegar ribsberjarunnarnir, trén og öll blómin klæðast á ný sínum litríka skrúða, munu þau í vaxtargleði sinni syngja með söknuði lofgjörðaróð um göfugu konuna með stóra hjartað og hlýju hendurnar. Vinalegi bústaðurinn í garðinum mun hlusta hljóður með lukta glugga. Blómskrýddi stígurinn mun horfa auður til himins og blessuð vorsólin mun kyssa gömlu sporin. Í fellinu gróðursæla mun óðurinn enduróma og elfan fagra og breiða líða fram í djúpri tign.

Fyrir utan garðshliðið stendur hópur fólks. Yfir því er friður og ró. Fólkið er að minnast göfugu konunnar með stóra hjartað og hljýju hendurnar. Þess vegan er það þakklátt og gott.

Lítil stúlka gengur að hliðinu og opnar það. Hún lítur yfir hópinn og brosir: „Gerið svo vel að koma inn, — hún amma mín kenndi mér að opna."

Magnús Pétursson.

— Afmæli

Framhald af bls. 19

að vera málsvari allra flokka ef því er að skipta í pólitískri umræðu, og má sín jafnan mest, hver sem málstaðurinn er.

Vettvangur Elbergs er í fiski, og 75 ára vinnur hann eins og fullfrískur maður, og mundu fáir taka verk úr hendi hans. Engan hef ég séð munda flatningshnífinn af jafn mikilli kúnst og hann. Ef andvirði þeirra fiska, sem Elberg hefur handfjatlað um dagana, væri komið í vasa hans er mér mjög til efs, hvor ætti gildari sjóði Rockefeller eða Elberg, en sem betur fer hafa mál skipast svo, að hann hefur engar áhyggjur af slíkum jarðneskum auðæfum.

Ef það er rétt sem meistari Þórbergur Þórðarson segir, að íslenskur aðall sé það fólk sem vinnur í fiski, þá er það alveg víst, að enginn ber þessa tign með meiri rétti en Elberg Guðmundsson.

Árni Emilsson.

— Iðnaði blandað í íbúðarhverfi

Framhald af bls. 13.

Allt tiltækt land skipulagt

— Okkar tillögugerð að aðalskipulagi er miðuð við framtíðarskipan fram til ársins 1995, sagði Hilmar Ólafsson. Búið er að gera drög að aðalskipulagi á öllu því landi Reykjavíkur sem hægt er að ráðstafa undir byggð. En verulegur hluti lögsögu Reykjavíkur er nú undir vatnsvernd. Hins vegar má geta þess, að með borun í Heiðmörk, hefur fengizt meira vatn en fæst úr Gvendarbrunnum. Og því má búast við að hægt verði að taka úr vatnsvernd svæði í nánd við Geitháls og Hafravatn, sem þá mætti nýta fyrir byggð.

— Þetta geta menn sem sagt skoðað betur á skipulagssýningunni á Kjarvalsstöðum. Hvað verður hún annars opin lengi?

— Hún stendur fram til 15. janúar, svarar Hilmar. Og við munum þangað til halda áfram að kynna sérstök verkefni og auglýsa það í hvert sinn í blöðum og útvarpi.

AUGLÝSINGASÍMINN ER: 22480 Morgunblaðið

Birting afmælis- og minningargreina

Að marggefnu tilefni skal athygli vakin á því, að afmælis- og minningargreinar verða að berast blaðinu með góðum fyrirvara. Þannig verður grein, sem birtast á í miðvikudagsblaði, að berast í síðasta lagi fyrir hádegi á mánudag og hliðstætt með greinar aðra daga. Greinar mega ekki vera í sendibréfsformi eða bundnu máli.

Sé vitnað til ljóða eða sálma skal höfundar getið. Greinarnar þurfa að vera vélritaðar og með góðu línubili.